

AUGLÝSING

1

10. jan.

um framlengingu viðskiptasamnings við Spán.

Með erindum, dags. 12. desember 1952, milli sendiherra Íslands á Spáni, Péturs Benediktssonar, og Jaime Argüelles, aðstoðarverzlunarráðherra Spánverja, var gert í Madrid samkomulag milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Spánar um að framlengja um eitt ár viðskiptasamning þann milli Íslands og Spánar, er undirritaður var í Madrid 17. desember 1949 og síðan framlengdur í desember 1950 og aftur í desember 1951.

Samningurinn gildir því til ársloka 1953.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. janúar 1953.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

AUGLÝSING

2

23. jan.

um aðild Íslands að stofnun Norðurlandaráðs.

Hinn 10. desember 1952 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um að Ísland gerðist aðili að stofnun Norðurlandaráðs.

Hefur hinum þátttökuríkjunum, Danmörku, Noregi og Svíþjóð, verið tilkynnt um aðild Íslands.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 23. janúar 1953.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

Fylgiskjal.

Starfsreglur Norðurlandaráðs.

1. gr.

Norðurlandaráð er vettvangur fyrir ríkisþing Dana, Alþingi Íslendinga, stórþing Norðmanna og ríkisþing Svía og ríkisstjórnir þessara landa til þess að ráðgast um þau málefni, er varða samvinnu allra landanna eða einhverra þeirra.

2. gr.

Í ráðinu eiga sæti sextán fulltrúar fyrir hvort ríkisþing, Dana og Svía, og fyrir stórþing Norðmanna, og séu þeir kjörnir úr ýmsum stjórnmalaflokkum af ríkisþingunum og stórþinginu úr hópi þingmanna, ásamt nægilegri tölu varamanna. Kjörið fer fram á þeim tíma og með þeim hætti, sem ákveðið verður í hverju landi. Eftir sömu reglum kys Alþingi Íslendinga fimm fulltrúa.

Fulltrúar ríkisstjórna þátttökuríkjanna, sem sæti eiga í ráðinu, skulu vera þeir ráðherrar, sem til þess eru valdir af viðkomandi ríkisstjórnnum hverju sinni.

Fulltrúar ríkisstjórnanna taka þátt í fundum ráðsins, en ekki í ályktunum þess.